

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundalóða í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 25. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi:

*Í Úlfarsfellslandi, landnúmer 190836.*

Deiliskipulag frístundalóðar, sem er um 0,62 ha að stærð. Samkvæmt skipulaginu er heimilt að reisa á lóðinni frístundahús allt að 70 m<sup>2</sup> auk 20 m<sup>2</sup> geymsluhúss.

Samþykkt í bæjarstjórn skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga 15. ágúst 2007.

*Í landi Miðdals II, landnúmer 192803.*

Deiliskipulag frístundalóðar, sem er um 1 ha að stærð. Samkvæmt skipulaginu er heimilt að reisa á lóðinni frístundahús allt að 110 m<sup>2</sup> auk 20 m<sup>2</sup> geymsluhúss.

Samþykkt í bæjarstjórn skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga 29. ágúst 2007.

*Hamrabrekka í Miðdalslandi.*

Breyting á deiliskipulagi þriggja frístundalóða. Breytingin felst í því að leyfð stærð frístundahúsa er aukin þannig að þau mega vera allt að 110 m<sup>2</sup> auk 20 m<sup>2</sup> geymsluhúss.

Samþykkt í bæjarstjórn skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga 4. júlí 2007. Nýr deiliskipulagsuppráttur kemur í stað eldri uppráttar sem samþykktur var 11. ágúst 2005 og fellur hann þar með úr gildi.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 20. september 2007,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2007